

Minnisblað

Dagsetning: 10. nóvember 2020
Viðtakandi: Rannveig Anna Guicharnaud, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2020. Verkefni 4 – Jökulsárgljúfur-Vatnajökulspjóðgarður. Ágengar og framandi tegundir.

Í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs er markmið um að vernda náttúrulegt gróðurfar og líffræðilega fjölbreytni innan Vatnajökulspjóðgarðs. Þar eru settir fram skilmálar um að eyða og halda í skefjum framandi tegundum, eins og alaskalúpínu, sem taldar eru geta spillt náttúrulegu gróðurfari og/eða líffræðilegri fjölbreytni. Þar er jafnframt lagt til að vaxtarstaðir og útbreiðsla framandi tegunda innan þjóðgarðsins skuli kortlögð og á grunni þeirrar vinnu sett fram markmið um hvaða tegundum skuli eytt og hverjum haldið í skefjum. Í framhaldinu verði svæðisbundnar aðgerðaáætlanir unnar sem kveða nánar á um til hvaða aðgerða skuli gripið innan hvers svæðis¹.

Á Ássandi, landgræðslusvæði norðan þjóðveggar í Ásbyrgi, er útbreiðsla alaskalúpínu mikil (1. mynd). Einnig var lúpínu sáð fyrir mörgum árum á afmörkuðu svæði vestan Eyju norðan Skeiðvallar í Ásbyrgi og á svæði í Grjóthálsi vestan þjóðgarðs. Skógarkerfill vex við íbúðarhús í Ás og hefur á síðustu árum náð að mynda þar breiðu sem hefur verið slegin. Í Ásbyrgi er stafafura farin að sá sér út ásamt fleiri erlendum trjátegundum sem plantað var í Ásbyrgi á síðustu öld. Þá er rifs einnig farið að breiðast út inni í Ásbyrgi, líklega komið úr gördum frá nálægum bæjum. Engin kortlagning hefur verið gerð á útbreiðslu og dreifingu þessara tegunda í Jökulsárgljúfrum.

Framkvæmd 2020

Vettvangsvinna fór fram 9. og 10. júní 2020 en þá fundaði Sigprúður Stella Jóhannsdóttir með heilsársstarfsmönnum í Jökulsárgljúfrum og kynnti þeim verkefnið ásamt því að kortleggja útbreiðslu alaskalúpínu næst þjóðveginum að norðan og á svæðinu vestan Eyju norðan Skeiðvallar. Þann 25. júní hélt Aðalsteinn Örn kynningu fyrir sumarstarfsmenn á framandi ágengum tegundum og markmiðum verkefnisins en kynningin var haldin að beiðni þjóðgarðsvarðar. Starfsmenn þjóðgarðsins hnitugu fundarstaði alaskalúpínu sunnan þjóðveggar um sumarið samhliða aðgerðum við eyðingu þeirra. Stuðst var við aðferð 4 og eyðublað A4 fyrir framandi og ágengar tegundir.


Ástandsmat og frumniðurstöður

Frumgögnum; eyðublöðum, GPS skrá og myndgögnum (að hluta) hefur verið skilað inn til Náttúrufræðistofnunar. Ljósmyndir úr Vatnajökulspjóðgarði hafa ekki borist. Útbúið hefur verið kort af útbreiðslu lúpínu við Ásbyrgi 2020 (1. mynd).

Ferðamenn geta óáfvitandi stuðlað að dreifingu alaskalúpínu, skógarkerfils og annarra ágengra og framandi plöntutegunda um þjóðgarðinn, t.d. með bílum, hjólum og hestum. Lúpinan á Ássandi hefur breiðst suður að þjóðvegi við Ásbyrgi og hafa þjóðgarðsyfirvöld reynt að stöðva útbreiðslu hennar við þjóðvegin með slætti og reytingu. Sumarið 2020 voru skráðir og hnitsettir um 110 fundarstaðir alaskalúpínu sunnan þjóðveggar á svæði frá Skeiðvelli og austur að Jökulsárbrú. Hnitin voru yfirleitt skráð í síma þar sem myndir voru teknar á hverjum fundarstað, líklega gætir þar einhverrar ónákvæmni

¹ Vatnajökulspjóðgarður 2013. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, náttúruvernd, útivist og byggðapróun.

Því þegar upplýsingarnar voru settar inn í GIS virðast nokkrir punktar lenda hver ofan í öðrum. Niðurstöðurnar gefa þó nokkuð góða mynd af dreifingu tegundarinnar við Ásbyrgi en flestir fundarstaðir alaskalúpínu voru nálægt þjóðvegi, sérstaklega við vegamót inn í Ásbyrgi og að Ástjörn (sjá 1. mynd). Nokkrir fundarstaðir voru meðfram vegi inn í Ásbyrgi og í birkiskóginum rétt hjá Ástjörn hafði lúpínan náð að dreifa sér nokkuð. Einn fundarstaður austur við Jökulsá sker sig úr þar sem hann er fjarri ferðaleiðum en lúpínufræ geta einnig borist langar leiðir af sjálfu sér ef þannig aðstæður skapast. Líklegt er að hún finnist á fleiri stöðum innan þjóðgarðsins við Ásbyrgi og einnig í Grjóthálsi en þar er dreifing hennar ekki af völdum ferðamanna.



1.mynd. Útbreiðsla og fundarstaðir lúpínu og skogarkerfils við Ásbyrgi 2020.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Nauðsynlegt er að fylgjast áfram með hvernig alaskalúpínan er að dreifast á svæðinu, Ásbyrgi og Grjóthálsi samhliða aðgerðum til að halda henni í skefjun. Með því að líta skipulega eftir lúpínu meðfram vegum inni í þjóðgarðinum og þegar gönguleiðir, reiðleiðir og hjólaleiðir eru yfirfarnar, t.d. í júní ætti að vera hægt að ná nokkuð utan um dreifingu hennar við Ásbyrgi. Sérstakar vettvangsferðir þarf til að fylgjast með útbreiðslu hennar í Grjóthálsi. Þá nýtast hnitsettir fundarstaðir þegar finna þarf sömu staði að ári til að kanna frekari útbreiðslu eftir fyrri aðgerðir. Kortlagning tegundarinnar er nauðsynleg til að meta árangur og forgangsraða aðgerðum.

Funda þarf með starfsmönnum Vatnajökulsþjóðgarðs og meta árangur af vinnu við kortlagningu lúpínu sumarið 2020. Í framhaldinu yrðu næstu skref ákveðin.



N á t t ú r u s t o f a
Norðausturlands

Vinnuframlag og ferðakostnaður

Tímabil	Vinnutímar		Fæðispeningar/kr	Akstur/kr
	Gagnasöfnun	Umsjón og úrvinnsla		
1.júní – 10. nóvember 2020	12	21	6200	13320
Alls	12	21	6200	13320